# TiSA-viðræðurnar

# Almennt um TiSA-viðræðurnar

* Samningaviðræður 50 ríkja (23 aðila) WTO um aukið frelsi í viðskiptum með þjónustu milli ríkja samningsaðila.
* GATS-samningur WTO frá 1995.
* Fríverslunarsamningar þar sem dregið er úr takmörkunum í vegi milliríkjaviðskipta með þjónustustarfsemi, umfram GATS.
* Mörg ríki vildu uppfæra samninginn, ekki samkomulag um það innan WTO.
* Hluti ríkja WTO ákvað af þeim sökum að hefja viðræður utan WTO.
* Byggt á textum GATS-samningsins í viðræðunum.

# Ákvörðun um þátttöku Íslands

* Upphafleg ákvörðun í desember 2012.
* Staðfest af núverandi ríkisstjórn í júní 2013.
* Horft til þess að þjónustuviðskipti eru stór og vaxandi þáttur í alþjóðaviðskiptum.
* Einnig litið til þess að samstarfsríki Íslands innan EFTA taka þátt í viðræðunum svo og ESB og Bandaríkin þar sem Ísland á sína helstu viðskiptahagsmuni.
* Þjónustuviðskipti mikilvæg fyrir íslensk fyrirtæki.

# Efni TiSA-viðræðnanna

**Tvíþætt efni TiSA-viðræðnanna:**

- Skuldbindingar einstakra ríkja um aðgang erlendra aðila að innlendum markaði og um jafnræði milli innlendra og erlendra aðila (skuldbindingaskrár).

- Almenn ákvæði samningstexta (meginmál samnings auk viðauka við samninginn).

# Skuldbindingaskrár

Skuldbindingaskrár innihalda skuldbindingar einstakra ríkja varðandi:

a) Markaðsaðgang erlendra þjónustuveitenda.

b) Jafnræði milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda.

# Skuldbindingaskrár

**a) Markaðsaðgangur:**

- Tilgreint fyrir hvaða svið þjónustu ríkið gefur skuldbindingu um að veita erlendum aðilum aðgang að sínum markaði.
- Einnig með hvaða hætti aðgangur er veittur (þjónusta frá öðru ríki, þjónusta með staðfestu í viðkomandi ríki, aðgangur erlendra starfsmanna).
- Viðkomandi ríki ákveður því sjálft að hvaða marki það veitir erlendum aðilum aðgang að eigin markaði.
- Skuldbindingar einstakra ríkja byggðar á skuldbindingum sem gefnar hafa verið í GATS og í fyrri samningum.
- „Standstill“ og „ratchet“ eiga ekki við um markaðsaðgang.

# Skuldbindingaskrár

**b) Jafnræði milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda:**

- Tilgreina þarf sérstaklega ef ríki áskilur sér rétt til að mismuna milli innlendra og erlendra þjónustuveitenda.
- Dæmi um mismunun: Krafa til erlendra aðila eingöngu um framlagningu tryggingar. – Krafa um búsetu.
- Áskilnaður um mismunun verður að byggja á núverandi löggjöf („standstill“).
- Ef mismunun er síðar afnumin úr löggjöf fellur fyrirvarinn í skuldbindingaskránni jafnframt úr gildi („ratchet“).

# Skuldbindingaskrár

**Tilboð Íslands:**

- Byggir á þeim skuldbindingum sem við höfum þegar gefið skv. GATS, að langmestu leyti sömu skuldbindingar.
- Rúmast alfarið innan núverandi laga og reglugerða.
- Felur ekki í sér breytingar á núverandi viðskiptaumhverfi.
- Undanskilin hvers kyns skuldbindingum: heilbrigðistengd þjónusta, félagsleg þjónusta, menntunarþjónusta, útvarps- og sjónvarpsþjónusta
- Gildissvið GATS/TiSA: opinber þjónusta undanskilin.
- Aðgengilegt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

# Almennir samningstextar

**Meginmál samningsins:**

- Byggir að miklu leyti á GATS, forsenda viðræðnanna.
- Ákvæði um lausn ágreiningsmála og vanefndir

**Viðaukar við samninginn**

- Tillögur að 17 viðaukum hafa verið lagðar fram.
- Varða einstök svið þjónustu eða afmarkað efni.
- Ekki ljóst í dag hvaða viðaukar verða í endanlegum samningi og hvert endanlegt efni þeirra verður.

# Gagnrýni á TiSA

**1) Leynd:**

- Fyrirkomulag í alþjóðlegum samningaviðræðum almennt.
- Upplýsingagjöf utanríkisráðuneytisins.
- Samráð við önnur ráðuneyti.
- Samráð við hagsmunasamtök.
- Samráð við utanríkismálanefnd.
- Samningurinn verður borinn undir Alþingi áður en til fullgildingar kemur.

# Gagnrýni á TiSA

**2) Lausn ágreiningsmála (ISDS-ákvæði):**

- Hvað eru ISDS-ákvæði og hvar er slík ákvæði að finna?
- TiSA: Fjallar um þjónustuviðskipti en ekki vernd fjárfestinga.
- Ákvæði um ISDS falla utan gildissviðs samningsins.

# Gagnrýni á TiSA

**3) Bótaskylda vegna vanefnda:**

- GATS: Kveður ekki á um bótaskyldu vegna vanefnda.
- Búast má við sambærilegum ákvæðum í TiSA.
- Ríkin sjálf, en ekki einstaklingar eða fyrirtæki, sem geta verið aðilar að ágreiningsmálum.
- Einungis gerð krafa um að ríki bæti framkvæmd ef það hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar.
- Viðurlög ef ríki bætir ekki úr framkvæmd: Ríkið sem kvartar getur afturkallað markaðsopnun af sinni hálfu.

# Gagnrýni á TiSA

**4) Einkavæðing opinberrar þjónustu:**

- Einstök ríki ákvarða eigin skuldbindingar.
- Engin krafa í viðræðunum um einkavæðingu.
- Skuldbindingar Íslands: Starfsemi opinberra aðila undanskilin.
- Reglur um „standstill“ og „rachet“ varða ekki það hvort einkaaðilar eða opinberir aðilar stunda starfsemi.
- Einstök ríki geta undanskilið skuldbindingum þá starfsemi sem hið opinbera sinnir almennt.

# Gagnrýni á TiSA

**5) Tillaga að viðauka um orkutengda þjónustu:**

- Birting tillögunnar var að frumkvæði stjórnvalda.
- Fullt forræði einstakra ríkja yfir eigin orkuauðlindum.
- Tillaga gengur út á að erlendir þjónustuveitendur fái einnig að sinna orkutengdri þjónustu.
- Markmið að aðgreina orkutengda þjónustu frá aðgangi að orkuauðlindum í texta og skuldbindingaskrám og gera þar með einstökum TiSA-ríkjum kleift að takast á hendur ríkari skuldbindingar en ella um markaðsaðgang fyrir orkutengda þjónustu.

# Gagnrýni á TiSA

**f) Ný tegund þjónustu verði alltaf einkavædd („future proofing“:**

- Tillaga að slíku ákvæði ekki lögð fram í viðræðunum.
- Ísland myndi leggjast gegn slíkri tillögu
- Tilboð Íslands undanskilur sérstaklega frá skuldbindingum:
  - „Other services not included elsewhere“.
  - „New services and services not explicitly included in the WTO services classification list“.

# Upplýsingar um TiSA á vef UTN

A+ A- Veftré | Hafa samband

Leita

Utanríkisráðuneytið

Veldu ráðuneyti

Forsíða | Ráðuneytið | Ráðherra | Málefni | Útgáfa | Lög og reglugerðir

## Málefni

Forsíða > Málefni > Viðskipti > Viðskiptasamningar > TiSA samningaviðræðurnar

- Hnattræn málefni
- Borgaraþjónusta
- Evrópusamvinna
- Menning og orðspor
- Norræn samvinna
- **Viðskipti**
  - **Viðskiptasamningar**
    - TiSA samningaviðræðurnar
  - Viðskiptaþjónusta
  - Samningar
  - Aðstoð við fyrirtæki
- Þróunarsamvinna
- Öryggis- og varnarmál
- Lagamál
- Grannríkjasamstarf

### TiSA samningaviðræðurnar

Markmið viðræðna um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum (Trade in Services Agreement, TiSA) er að auðvelda milliríkjaviðskipti með þjónustu og auka gegnsæi í slíkum viðskiptum. Ísland, ásamt fimmtíu öðrum ríkjum, tekur þátt í samningaviðræðunum en þar á meðal eru aðildarríki ESB, Bandaríkin, Kanada, Noregur, Sviss, Japan o.fl.. Samningurinn mun byggja á gildandi samningum (GATS reglum) og fjalla m.a. um fjármálaþjónustu, fjarskipta- og upplýsingatækni, för þjónustuveitenda og rafræn viðskipti. Viðræðurnar eru formlega utan WTO en vonast er til að fleiri aðildarríki WTO gerist aðilar að TiSA-samningnum þegar fram í sækir.



#### Spurningar og svör

- Um hvað fjalla TiSA-viðræðurnar?
- Hvaða ríki taka þátt í TiSA-viðræðunum?
- Af hverju fara TiSA-viðræðurnar ekki fram innan WTO?

Fleiri spurningar og svör

#### Fréttir

- Samningalota 29. nóvember - 4. desember 2015
- Samningalota 6.-13. október 2015
- Samningalota 6. - 10. júlí 2015
- Samningalota 13. - 17. apríl 2015

Fleiri fréttir

#### Gögn tengd viðræðunum

- Upplýsingagjöf til Alþingis
- Upphafstilboð Íslands í TiSA-viðræðunum
- Viðauki um orkutengda þjónustu
- Fundir með hagsmunaaðilum

Fleiri gögn

#### Tenglar

- Upplýsingasíða ESB um TiSA
- Upplýsingasíða Noregs um TiSA
- Fastanefnd Íslands í Genf

Fleiri tenglar

Utanríkisráðuneytið

# Takk fyrir!